

Fundargerð 35.fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar 29.juní 2020 haldinn á Hótel Klaustri

Mættir: Katrín Gunnarsdóttir, Rúnar Þ. Guðnason, Jóna Björk Jónsdóttir boðar forföll en i hennar stað er mætt Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Dagskrá.

1. Skipulags- og matslýsing vegna Hátúns. Á fundi sveitarstjórnar þann 26.maí s.l. var málinu vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar til umræðu.

Umhverfis –og náttúruverndarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi skipulags-og matslýsingu fyrir sitt leyti en tekur undir þær athugasemdir sem koma fram hjá NÍ og UST að varlega skuli farið gagnvart lítt snortnu landi i Landbrotshólum.

2. Skipulags- og matslýsing vegna Hrifunes. Á fundi sveitarstjórnar þann 26. maí s.l. var málinu vísað til umhverfis-og náttúruverndarnefndar til umræðu.

Umhverfis –og náttúruverndarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi skipulags-og matslýsingu fyrir sitt leyti og tekur undir athugsemdir Skógræktarinnar er varðar að ekki skuli verða felld tré að nauðsynjalausu og ef fella þurfi tré skuli það gert í samráði við Skógræktina.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd hvetur til þess að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar íbúum á Klaustri hvar megi losa sig við garðúrgang. Setja mætti t.d. sérstakan gám á gámasvæði fyrir slíkan úrgang eða jafnvel merkja svæði þar sem losa mætti sig við hann

4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur til við sveitastjórn að kanna möguleika á að hafa sérstaka hreinsunardaga, annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli þar sem boðið verður upp á að úrgangur verði sóttur á fyrirfram ákveðnum stöðum.

Fundi slitið kl. 17.47

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir  
Rúnar Þ. Guðnason  
Katrín Gunnarsdóttir